

**Mál nr. 177/2007**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A og B**

**Árestur á gatnamótum Hafnargötu og Skólavegar í Reykjanesbæ 25.07. 2007.**

**Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.09. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.09. 2007.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið norður Hafnargötu, B var ekið eftir Skólavegi með akstursstefnu yfir Hafnargötu. Umferð um Hafnargötu hefur forgang. Ökumaður A telur að B hafi ekið í veg fyrir A, en ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið of hratt og undir áhrifum efna sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli líkamslegs eða andlegs ástands ökumanns A og þess áresturs sem varð. Fullyrðingar um hraðakstur séu ekki studdar haldbærum gögnum, vitnum ber ekki saman um hraða A. Verði að líta svo á að ökumaður B hafi ekki gætt nógu vel að sér þegar hann ók yfir gatnamótin og verði hann að bera hallann af því sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður B eigi að bera sök á árekstrinum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A sbr. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ekki er tilefni til að fella ábyrgð á ökumanns A miðað við gögn málsins.

**Niðurstaða.**

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 9. október 2007

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.